

## Fundur umhverfisráðs barna október 2010

Fundarstjóri Heiða

Ritari María Björk

Fyrsti fundur: Hákarlahópur Annar fundur: Fiðrildahópur Þriðji fundur: Grísahópur

Allir fengu barmmerki umhverfisráðs. Við fórum aftur yfir það hvers vegna við höldum umhverfisráðsfundi, rifjuðum upp fundarreglur og fundargerð síðasta fundar. Öll börnin sögðust hafa mætt á umhverfisráðsfund og mundu hvað merkið stóð fyrir.

Umræðuefni fundarins eru skrefin sjö að grænfánanum. Börnin voru spurð hvað við þyrftum að gera til að fá grænfánann

- passa upp á umhverfið – passa að trén deyji ekki – passa vel upp á blómin.

Farið var yfir skrefin sjö.

1. Stofna umhverfisráð – börnin sögðu að við værum búin að því.
2. Meta stöðu umhverfismála í leikskólanum – rétt var um hvað við værum að gera í leikskólanum varðandi umhverfismál og ákváðu börnin í Hákarlahópi að við þyrftum að fara í rannsóknarleiðangur til að skoða það. Við sögðum svo börnunum í Fiðrildahópi og Grísahópi frá því og þau vildu líka fara í rannsóknarleiðangur. Við sáum að í eldhúsinu er flokkaður bylgjupappi, matarafgangar, plast, mjólkurfurnur og ál. Á deildunum er flokkaður pappír og matarafgangar og á skrifstofunni er flokkaður pappír og plast. Þar sáu börnin að ranglega hafði verið flokkað í tunnurnar og bættu úr því. Börnin komu einnig með hugmynd að hjálpa Magneu í eldhúsinu að fara með bylgjupappann og mjólkurfurnurnar í endurvinnslutunnuna. María kom með tillögu að börnin fengju að flokka sorpið úr eldhúsinu. Við myndum dreifa úr því í salinn og börnin myndu svo flokka það og setja í endurvinnslutunnuna. Börnin voru mjög spennt fyrir því.
3. Áætlun gerð – börnin vissu ekki hvað áætlun var en það verður komið að því seinna.
4. Sinna eftirliti – Börnin ætla að vera dugleg að flokka sjálf inni á deild og hjálpa öðrum ef þurfa þykir.

5. Fræðsla um umhverfismennt – Rætt var um það hvar við lærum um umhverfismennt og náttúruna. Í gönguferðum, Reynislundi, úti og bókum.

6. Kynna stefnu sína út á við – Börnin komu með tillögu um að fara um hverfið á mótörhjóli og segja öllum sem þau sjá frá því hvað við erum að gera í Reynisholti. En svo áttuðu þau sig á því að maður má ekki tala við ókunnuga og því ætla þau að byrja á því að ræða við foreldrana. Einnig ætla þau að segja öðrum frá fánanum.

7. Umhverfisstefna – Heiða las upp umhverfisstefnu leikskólans og útskýrði hvað hún felur í sér. Við ætlum svo að skoða hana frekar seinna.

Í lok fundarins var tekið saman umræðuefnið. Við ætlum að: Líta í kringum okkur og athuga hvort við sjáum grænfánann í borginni. Við ætlum að skoða vel hvað fer í ruslatunnurnar inni á deild. Við ætlum að hjálpa Magneu í eldhúsinu að flokka sorpið.

Svo var fundi slitið.